

Þjónustunotendur mega ekki bera kostnað af óvissu og ágreiningi

Fagráð Félagsráðgjafafélags Íslands um áfengis- og annan vímuefnavanda, lýsir yfir alvarlegum áhyggjum af stöðu meðferðarþjónustu SÁÁ og þeim afleiðingum sem röskun á starfseminni getur haft fyrir fólk með vímuefnaröskun og aðstandendur þess.

SÁÁ hefur í tæpa hálfa öld gegnt lykilhlutverki í íslensku heilbrigðis- og velferðarkerfi. Þúsundir einstaklinga og fjölskyldna reiða sig á að þar sé veitt fagleg, örugg og samfelld þjónusta. Því er það alvarlegt þegar innri ágreiningur og óvissa um starfsemi samtakanna hefur áhrif á aðgengi að meðferð.

Sérstök ástæða er til að hafa áhyggjur af verulegri fækkun innlagna á Vog á sama tíma og eftirspurn eftir meðferð er mikil og fólk bíður eftir þjónustu. Þegar einstaklingur með vímuefnaröskun er tilbúinn að leita sér aðstoðar getur tíminn skipt sköpum. Meðferð sem ekki er aðgengileg þegar hennar er þörf getur þýtt glatað tækifæri til bata og haft alvarlegar félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar.

Félagsráðgjafar starfa víða í þjónustu við fólk með vímuefnaröskun, meðal annars innan heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, geðheilbrigðisþjónustu, starfsendurhæfingar og húsnæðis- og búsetuúrræða. Þeir þekkja vel hvernig rof í einni þjónustu getur haft keðjuverkandi áhrif annars staðar í kerfinu.

Fólk sem leitar sér meðferðar vegna vímuefnaröskunar glímir oft við fjölþættan vanda. Töf á meðferð getur aukið hættu á versnandi heilsu, félagslegri einangrun, atvinnumissi, húsnæðisóryggi og auknu álagi á fjölskyldur og aðstandendur. Afleiðingarnar verða jafnframt sýnilegar annars staðar í heilbrigðis- og velferðarkerfinu.

Fagráðið leggur því ríka áherslu á að ábyrgð stjórnenda, stjórnvalda og annarra þeirra sem koma að þjónustunni sé skýr: tryggja verður samfellu, faglegt öryggi og aðgengi að meðferð óháð þeim ágreiningi sem uppi er.

Fagráðið skorar á hlutaðeigandi aðila að:

-tryggja þegar í stað að nauðsynleg meðferðarþjónusta skerðist ekki vegna ágreinings eða óvissu í rekstri; -tryggja sérstaklega stöðu þeirra sem þegar bíða eftir meðferð og þeirra sem eru í viðkvæmustu stöðunni; -upplýsa með skýrum hætti hvernig samfella og öryggi þjónustunnar verði tryggð meðan unnið er að lausn mála; -setja hagsmuni þjónustunotenda, faglegt öryggi og gæði þjónustunnar framar öðrum hagsmunum við úrlausn stöðunnar.

Fólk sem glímir við vímuefnaröskun getur ekki beðið eftir því að deilur innan kerfisins leysist.

Þegar einstaklingur er tilbúinn að þiggja aðstoð verður þjónustan að vera til staðar. Það er sameiginleg ábyrgð þeirra sem reka, fjármagna og skipuleggja meðferðarþjónustu að tryggja að svo sé.

Þjónustunotendur mega ekki bera kostnaðinn af ágreiningi innan kerfisins.

F.h. Fagraðs Félagsráðgjafafélags Íslands um áfengis- og annan vímuefnavanda-

Erla Björg Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og lektor við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands